

84

5. sept.

5. gr.

Nú eru tveir eða fleiri ábúendur á Tröð. Hafa þeir þá rétt til styrks úr sjóðnum í hlutfalli við ábúðarhundrað þau, er þeir búa á. Þó getur einn ábúandi jarðarinnar fengið allan styrkinn, ef hinir vinna ekki til hans. Lán til fóðurkaupa eftir 2. gr. skiptast eftir ábúðarhundraðum.

6. gr.

Hreppsnefnd Mosvallahrepps stjórnar sjóðnum og ávaxtar hann í Útbúi Landsbankans á Ísafirði. Skal hún semja reikning yfir sjóðinn ár hvert og senda sýslunefnd Vestur-Ísafjarðarsýslu til endurskoðunar.

Lán má hreppsnefnd veita úr sjóðnum eftir 2. gr., þegar lánbeiðandi hefir sannað, að hann þurfi lánsins með og sett tryggingu fyrir því. Jarðabótastyrkinn skal hún greiða þegar ábúandi hefir sannað með vottorði tveggja skilríkra manna, sem hreppsnefndin tekur gilda, að hann hafi unnið jarðabæturnar, og að þær séu vel af hendi leystar.

Stykkishólmi, 18. desember 1929.

*Rósinkrans A. Rósinkransson.*

85

8. sept.

## AUGLÝSING

um

staðfestingu dóms- og kirkjumálaráðuneytisins á breytingu á heilbrigðissamþykkt fyrir Ólafsfjarðarkauptún í Eyjafjarðarsýslu.

Samkvæmt lögum nr. 64, 10. nóv. 1905, um heilbrigðissamþykktir fyrir bæjar- og sveitarfélög, er hérmeð staðfest eftirfarandi breyting á heilbrigðissamþykkt fyrir Ólafsfjarðarkauptún í Eyjafjarðarsýslu frá 18. júní 1910:

Breyting

á heilbrigðissamþykkt fyrir Ólafsfjarðarkauptún.

1. gr.

Í staðinn fyrir hreppstjóri í 2. gr. komi: „Þjónandi læknir, annars hreppstjóri“.

Síðari málsgrein 3. gr. falli burtu, en í þess stað komi: „Hreppstjóra skal

gert aðvart um fundahöld heilbrigðisnefndar og hefir hann tillögurétt. Ritfangakostnað skal greiða úr hreppssjóði eftir reikningi“.

85  
8. sept.

2. gr.

Breyting þessi öðlast gildi þegar í stað.

Þetta tilkynnist öllum til eftirbreytni, er hlut eiga að máli.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 8. september 1930.*

Jónas Jónsson.

*Gissur Bergsteinsson.*

## S A M Þ Y K K T

86  
18. sept.

um

breyting á samþykkt 16. marz 1926, um sýsluvegasjóð Skagafjarðarsýslu.

Á eftir 7. tölulið 3. gr. samþykktarinnar komi ný málsgrein svohljóðandi: Ennfremur skal svonefndur Miðvegur frá Hegranesbraut, hjá Garði, inn að Ríp, vera sýsluvegur, en ekki verður lagt fé til hans úr sýsluvegasjóði nema það, er Rípurhreppur kanna að leggja fram auk vegaskatts og tilsvarandi tillag ríkissjóðs, fyr en fullnægt er þörfum vegakerfisins undir 1—7 tölulið.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Skagafjarðarsýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 10, 20. júní 1923, staðfestist hérmeð til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 18. september 1930.*

Tryggvi Þórhallsson.

*Páll Pálmason.*